

Þjóðgarðar í Danmörku

Ulla R. Pedersen,

formaður Náttúruverndarsamtaka Austurlands, skrifar

Það er ekki óalgengt að heyra Íslendinga segja, að í Danmörku sé engin náttúra, landið er ein stór byggð. Þau sjónarmið eiga Norðmenn og Svíar einnig og án efa aðrar þjóðir í löndum, þar sem stór svæði eru enn án áhrifa manna eða undir litlum áhrifum. Oft einkennast þessi svæði af náttúrugerðum, sem eru ill nýtanleg til ræktunnar. Brött fjöll, ófrjór jarðvegur, erfitt veðurfar eða fjarlægð frá byggð hafa valdið því að svæðin hafa fengið að halda sínum upprunanlegu einkennum.

Í Danmörku eru þessu öðruvísu farið. Landið er lítið og án fjalla, með frjósaman jarðveg og milt veðurfar. Þessar staðreyndir hafa íbúar landsins nýtt sér í mörg þúsund ár og náttúran hefur breyst og þróast frá því sem hún upprunalega var. En náttúra er enn til í Danmörku, þó að hún hafi undanfarin 100 ár orðið undir, þegar maðurinn hefur þurft á meira landi að halda í nafni framfara.

Mótun landslagsins

Danska landslagið mótaðist af jöklum síðustu tveggja ísalda. Dalir þar sem ár renna, lyngmóar, hólur, vötn og fleira mótaðist af gífurlegu öflum jökla og vatns. Síðan námu plöntur og dýr land. Án áhrif manna væru ríkjandi gróðurtegundir í Danmörku blandaður laufskógur og gróður er tengist mýrlendi og strönd. Ímynd danska landslagsins eins og við þekkjum það í dag, með ökrum, engjum, mýri, skógum, vötnum og lækjum, hefur þróast s.l. mörg þúsund ár með samspil náttúru og manna, einkum vegna landbúnaðar.



Gurri slottsruiner, ljósmyndari er Ole Malling.

Ræktun landsins hófst af krafti fyrir um 6000 árum. Síðan þá hefur maðurinn mótað og breytt landinu með landbúnaði, byggðum, vegum, fyrirhleðslum og fjölda annarra mannvirkja, og í dag er Danmörk einstakt menningarlandslag. Tæplega 2/3 landsins er landbúnaðarland og 92% landbúnaðarlandsins er ræktað. Stærð landbúnaðarsvæða hefur verið óbreytt s.l. öld, en byggðir hafa stækkað verulega, þannig að náttúrusvæðin eru aðþrengd.

Náttúran í dag

Náttúrusvæði, þar sem náttúran fær að einhverju leyti að þróast á eigin forsendum, þekja í dag um 20% landsins; um 11% skógur, lyngmóar og mýrlendi um 9 % og vötn og lækir um 1%. Oft er um að ræða svæð sem hafa verið beitt eða slegin. Ósnortna náttúru inn til lands er aðeins að finna þar sem svæði hafa verið friðlýst í tæka tíð eða þar sem ekki hefur verið arðsemt að rækta landið.

Vilt náttúra, þar sem afl náttúrunnar fær lausan taum, fyrirfinnst í stórum dráttum aðeins við strandlengjuna. Frá því um 1850 hefur dönsk strandlengja styst um 1000 km, vegna fyrirhleðsla og fjöldi grunnra vatna hefur verið framræst. Um það bil einn þriðjahluti 7.500 km strandlengjunnar er í dag ósnortið, og gefur tækifæri til að upplifa magnaða náttúru. Fjaran við Vadehavet er einn mikilvægasti varp-, fæðu- og vetursetustaður norðurevrópskra vaðfugla. Um er að ræða menningarlandslag sem greinilega einkennist af þúsunda ára víxl-áhrifum manns á landið og afl vatns og náttúrunnar sem ávallt reynir að endurheimta svæðin sín.

Þrátt fyrir smæðina eru í Danmörku 8,3% landsvæðisins og 12,3 % hafsvæðis friðuð sem Natura 2000 svæði (alþjóðleg fuglaverndar-, RAMSAR-, og habitat-svæði) alls 367 svæði.

Afhverju þjóðgarða?

Hugmyndir um stofnun þjóðgarða í Danmerku hafa verið uppi í heila öld með jöfnu millibili, en hafa aldrei fengið góðar undirtekir.

Árið 1999 lagði OECD mat á framlag Dana til náttúruverndar, og gaf Dönum falleinkunn. OECD lýsti eftir stórum verndarsvæðum og mælti með því að unnið yrði að framtíðar náttúruverndaráætlun.

Mat OECD leiddi til þess að ríkisstjórn Dana stofnaði nefnd með þáverandi landbúnaðarráðherra Niels Wilhjelms í fararbroddi, til þess að vinna að framvindu málsins. Fyrst var vandamálið skilgreint. Síðan setti Wilhjelms-nefndin fram tillögur til úrlausnar.

Árið 2001 lýsti Wilhjelms-nefndin því yfir að „gæði danskra náttúru og líffræðileg fjölbreytni hafi aldrei fyrr verið svona slæm“. Nefndin staðhæfði að náttúrugerðir og fjölbreytni væru í hættu sökum þess að:

- Það er of þröngt um náttúruna,
- Stöðuvötn væru nánast horfin úr dönsku landslagi,
- Næringarefni frá landbúnaði menga,
- Skóglaus náttúrusvæði, eins og engi og lyngheiðar, verða skógivaxin,
- Náttúrusvæðin eru of lítil,
- Náttúrusvæðin eru of dreifð.



Mynd: Ole Malling.

Hvað á að gera?

Ráðið setti fram tillögu að lausn: þriðjahluti landbúnaðarlands verði ræktaður öflugt (intensívt), þriðjahluti verði ræktaður létt (ekstensívt) og þriðjahluta umbreytt í náttúrusvæði. Í stórrí skýrslu færði hún rök fyrir mikilvægi þess að tengja mörg lítil og dreifð náttúrusvæði og mynda „þjóðar-náttúrusvæði“, þar sem náttúran getur þróast á eigin forsendum.

Síðan lagði nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins línurnar fyrir því hvernig unnið yrði áfram. Mikil áhersla var lögð á að þau landsvæði sem yrðu valin, væru svæði þar sem heimamenn myndu styðja verndun þeirra. Enn fremur yrðu verkefnið unnið að neðan og upp „bottom-up“ eins og sagt er á dönsku! Það er að segja að öll svör við spurningum eins og hverskonar náttúrusvæði yrðu mótuð, hversvegna og hvernig, yrði fundin meðal heimamanna.

Eftir margar athuganir beindist athyglin að sjö svæðum, sem vinna ætti áfram með, til þess að komast að því hvernig þjóðar-náttúrusvæðin, eða þjóðgarðarnir, myndast með sem öflugusti stuðningi heimamanna, og hvar jafnvægið á milli þróunar náttúrunnar og ferðamennsku og atvinnu liggur. Verkefnið kallast „pilot-verkefni“.

Þessi svæði pilot-verkefnanna eru: Gribskov og vatnið Esrum sö á norður Sjálandi, eyjan Mön sunnan Sjáland, Mols bjerge norðan við Árósa, Lille Vildmose á norð-austur hluti Jótlands, eyjan Læsö í Kattegat, Thy á vesturströnd Jótlands, norðan við Límafjörðin, og Vadehavet við suðvestur strönd Jótlands.



Kortið sýnir svæðin 7. Myndin er frá Mönsklint, ljósmyndari er Ole Malling. Sjá: www.naturnet.dk

Hvert pilot-verkefni er með stjórn sem ber ábyrgð á að virkja heimamenn í hópvinnu og stjórnar og skipuleggur hana. Þannig eiga heimamenn, bæði stjórnmaðlamenn og aðrir borgarar að vinna að rannsóknum er snúa að ýmsum spurningum:

- *landslagsgreining*- eignarhald (m.a. að tilgreina viðkvæm svæði).
- *náttúrugreining*- hvað fyrirfinnst á svæðinu og hvernig gætið það þróast í framtíðinni.
- *Útivist*- hverkonar starfsemi og mannvirki eru nú þegar á svæðinu, og hvaða möguleikar eru fyrir hendi?
- *Menningarminjar*- lýsing á menningarlandslagi og minjum.
- *Greining á þjóðarhagkvæmni*- mun stofnun þjóðgarðs hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnulíf svæðisins?
- *Cost-benefit greining*- hvers virði er náttúran, bætt heilsa eða staðreyndin að vita að í landinu er til villt náttúra. Hversu hátt verð, erum við tilbúin að borga fyrir náttúruna?
- *Hver er staða landbúnaðarins* með eða án þjóðgarðs?

Allar þessar rannsóknir eru unnar með 20-30 ára þróun í huga.

Stjórnir „pilot-verkefnanna” eiga að skila skýrslum til ráðgjafanefndarinnar fyrir 1.júlí árið 2005, nefndin á síðan að vinna úr innsendum gögnum og útbúa endanlega skýrslu til ráðherra. Það er von ráðgjafanefndarinnar að umhverfiráðherra geti lagt fram lagafrumvarp árið 2006 um stofnun þjóðgarða í Danmörku árið 2007.



Norðurströndin

Fjármögnun pilotverkefna þjóðgarða

Danska ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir mikilvægi þess að vinna verkið vel, og nauðsyn þess að þjóðin styðji stofnun „þjóðar-náttúrusvæðanna”, eða þjóðgarða eins og farið að nefna þau. Höfuð áhersla yrði lögð á verndun náttúruminja.

Til verkefnanna veitti ríkisstjórnin 20 milljónum dkr. og Friluftráðet (systursamtök Landverndar) lögðu fram 20 milljónir dkr., eða samtals andvirði um 480 milljónir íslenskra kr. Hvert þeirra sjö svæða hefur fengið 4-7 mill. dkr, að auki eru 3 mill.dkr í varasjóð. Fjármagninu hefur verið varið í að ráða einn starfsmann á hvert svæði, vinna rannsóknir, kannanir, fara í skoðunarferðir í þjóðgarða í nágrennalöndum og halda borgarafundi. Það hefur verið lögð mikil vinna í að virkja heimamenn til þátttöku í verkefninu. Það er mál manna að sá þáttur hafi heppnast vel. Hundruð manna hafa sótt vinnufundi og almenna borgarafundi. Á heimasíðu Skov-og naturstyrelsen sns.dk er hægt að fylgjast með þróun mála fyrir hvert pilot-verkefni. Þar er hægt að finna öll gögn er tengjast vinnunni og heimasíðurnar eru í stöðugri þróun.

Lokaorð.

Það er ljóst að nýting á dönsku landslagi mun taka töluverðum breytingum í nánustu framtíð, og Danir hyggjast undirbúa sig vel. Eftir þúsunda ára samspil við náttúruna hafa Danir lært að skipuleggja vinnu sína og hugsa til framtíðar. Stöðugt tíðarfar markar þjóðarsálina og Danir treysta á að ákvarðanir sem teknar eru í dag gildi einnig fyrir morgundaginn. Íslendingar hafa aftur á móti

orðið að bregðast skjótt við áður en forsendur breytast. Danir hafa ætlað sér sex ár til að undirbúa stofnun þjóðgarðanna sjö, skoða málið gaumgæfilega, meta kosti og galla, ávinning og kostnað.

Það er einnig ljóst að stofnun þjóðgarða hefur í för með sér frekari skerðingu á eignarétti landeiganda. Til þess að hugmyndir um stofnun þjóðgarðar geti orðið að veruleika, verða landeigendur að sannfærast um að þjóðgarðar geti orðið ávinningur fyrir þá. Þátttaka borgaranna er mjög mikilvægur þáttur, til að framtíðar þjóðgarðar geti þrífist og dafnað.